



einfaldlega betri kostur



góð ráð

varðandi umhirðu húsgagna



Efnisyfirlit

Aðstæður á heimilinu	4
Um notkunarleiðbeiningar	4
Viðarhúsgögn	5
Húsgögn innandyra	5
Húsgögn utandyra	7
Járn, stál og ál	7
Plast	7
Linoleum	7
Basthúsgögn / garðhúsgögn	7
Húsgagnaáklæði	8
Leður	9
Almennar upplýsingar	11

Kæri viðskiptavinur,

Við viljum byrja á því að óska þér til hamingju með nýju húsgögnin og þökkum um leið fyrir að þú skyldir velja að versla hjá ILVA.

Heimilið og þá sérstaklega húsgögnin eru mikilvægur hluti tilveru okkar, þess vegna er mikilvægt að hugsa vel um hvoru tveggja.

ILVA vill gjarnan hjálpa þér að sjá til þess að þú fái notið húsgagnanna sem þú keyptir hjá ILVA eins lengi og hægt er. Öll efni sem notuð eru til húsgagnagerðar slitna og þess vegna þarfnast þau dálíttillar umhirðu.

Á næstu blaðsíðum er að finna góð ráð er varða umhirðu efna sem notuð eru til húsgagnagerðar. Ef nýja húsgagnið þitt er ekki tilgreint í þessum bæklingi þá er þér velkomið að hafa samband við ILVA til að fá leiðbeiningar er varða dagleg þrif og umhirðu þess sem þú keyptir.

Ef húsgögnin eru meðhöndluð rangt til að byrja með, er ábyrgðin þín. Í þeim tilvikum geta húsgögnin skemmst.

Í þessum bæklingi er eingöngu að finna grunnupplýsingar um góð ráð er varða umhirðu húsgagna.

Bestu kveðjur,
Starfsfólk ILVA ehf

Aðstæður á heimilinu

Engar tvær fjölskyldur slíta húsgögnum eins og þess vegna er mikilvægt að hugsa út í hvernig þau eru notuð á þínu heimili. Hvort sem um er að ræða mannmargt heimili þar sem einnig eru gæludýr eða eins manns heimili munu áklæði, málning og lakkyfirborð slitna en þó mishratt.

Sólarljós hefur mikil áhrif á húsgögn og öll húsgögn geta upplitast. Þess vegna er mikilvægt að verja húsgögn fyrir áhrifum sólarljóss. Það á við um öll húsgögn, bæði viðarhúsgögn og þau sem klædd eru áklæði og leðri. Það sakar ekki að vera með góð gluggatjöld sérstaklega þegar sól er lágt á lofti yfir vetrartímann, því þá skín sólin beint inn um gluggann.

Þegar við sitjum eða liggjum í sófanum okkar smitast sjálfkrafa sviti af okkur í hann. Sviti getur haft áhrif á leður og áklæði, ákveðin lyf auka svitaframleiðslu og breyta jafnvel efnasamsetningu hans. Gott er að vera meðvitaður um þetta og hreinsa húsgögn sín reglulega. Það lengir líftíma þeirra.

Einnig getur fatnaður slitið húsgagnaáklæði meira í sumum tilvikum en öðrum. Sérstaklega grófofinn fatnaður af ýmsu tagi eða ásaumað skraut geta haft áhrif á slit húsgagna. Þess vegna er gott að vera eftirtektarsamur varðandi þau atriði.

Á mörgum heimilum er stofan staður þar sem fjölskyldan safnast saman og borðar en gott er að gera sér grein fyrir því að húsgögn geta eyðilagst vegna matarleifa eða fitu úr mat. Sem dæmi má nefna að nóg er að örlítill fita frá poppi komist í leður eða efni til að niðurbrot hefjist. Það er góð regla að velja húsgögn út frá þörfum heimilis með tilliti til hversu slitsterk, nuddþolin og litekta þau þurfa að vera.

Yfirleitt eru húsgögn ekki gerð til að þola meira en 120 kíló í einu (manskjúpþyngd). Þau slitna hraðar því þyngri sem mannskjurnar eru sem sitja á þeim.

Húsgögnin sem fást hjá ILVA eru ekki alltaf meðhöndluð með mölvarnarefni þannig að ef ætlunin er að geyma þau í lengri tíma eða láta þau standa ónotuð eða því um líkt, eru þau í hættu á því að verða mölétin. Í versluninni er hægt að verða sér úti um efni til mölvarnar. 100% gerviefni verða ekki mölétin.

Um notkunarleiðbeiningar

Á næstu síðum er að finna upplýsingar um algengustu efni sem notuð eru til húsgagnagerðar. Með mörgu húsgagninu fylgja leiðbeiningar um samsetningu þeirra, umhirðu eða notkunarleiðbeiningar. Það er mikilvægt að fara eftir þeim til þess að ábyrgðin haldist í gildi. Þegar ákveðinn tími er liðinn frá því að húsgagn er keypt má almennt notast við þá reglu að gott sé að herða betur á skrúfum. Þetta á sérstaklega við um viðarhúsgögn, borðfætur, fætur undir sófa, hillur, kojur og þess háttar. Ef þú ert í vafa þá er um að gera að spyrja okkur hjá ILVA.

Viðarhúsgögn

Viður er náttúrulegt efni með tilheyrandi áhringjum og kvistum, þess vegna eru húsgögn úr viði alltaf örflítið frábrugðin öðrum af sömu tegund. Gott er að hafa í huga að litur og áferð viðarins breytist með árunum.

Í fyrstu er gott að láta stóra viðarfleti hinna nýju húsgagna standa óhulda eins mikið og kostur er, því margar viðartegundir munu taka hvað stærstum litabreytingum þessa fyrstu mánuði. Annars er hættu á að för myndist eftir vasa eða aðra þá hluti sem settir eru á viðarflötinn. Því meira sólarljós sem viðurinn stendur í, því hraðar breytist viðurinn. Ef þú vilt halda viðarhúsgagninu eins og það er þegar þú fékkst það þá er einungis hægt að seinka náttúrulegum breytingum sem verða á viðnum með því að verja það gegn sólarljósi og halda jöfnu rakastigi. Ef það þarf að hreinsa viðarflöt með vatni þá er ráðlegt að nota eins lítið vatn og mögulegt er og þurrka strax upp bleytu ef hún hellist niður á viðinn. Afþurrkun ætti að fara fram með þurrum eða rökum klút.

Gegnheil viðarplata breytist þegar rakastig herbergis eða heimilis breytist. Í þeim tilvikum sem rakastig breytist er hættu á að viðarplötur bogni, sýnist verða grófari eða snúi upp á sig. Í viðnum geta myndast smávegis rifur eða sprungur milli áhringjanna sem hafa þó engin áhrif á endingu húsgagnsins. Viðarplatan verður að fá að anda til þess að stilla sig inn á rakastig herbergisins, þess vegna er mikilvægt að hylja viðinn ekki með plastdúkum eða þess háttar lengur en 12 klukkutíma í einu. Ef viðurinn fær ekki að anda myndast sprungur í hann, beykiviður er sérstaklega viðkvæmur. Hið dæmigerða viðarhúsgagn er framleitt þannig að það þoli rakastig á milli 30%-60%. Hægt er að mæla rakastig með rakamælitæki. Viðarhúsgögn ættu því ekki að staðsetja þar sem rakastig er mjög breytilegt, þar sem þau laga sig rakastigi og geta eyðilagst við tíðar breytingar á því. Forðast bera að geyma viðarhúsgögn í óupphituðu rými, kjöllurum, óþéttum sólstofum og þess háttar stöðum. Gott er að hafa viðarhúsgögnin í góðri fjarlægð frá miklum hita eins og t.d. eldstæðum.

Þæsuð húsgögn geta skilið eftir sig för sem ekki nást úr viðargólfum eða teppum. Þess vegna mælum við með því að notaðir séu filtpúðar undir húsgögnin, filtpúða getur þú keypt í ILVA.

Húsgögn innandyra

Ómeðhöndlaður og sápu-meðhöndlaður viður

Afþurrkun á að fara fram með hreinum bómullarklút. Óhreina fleti má ræsta með upplausn sem inniheldur 1/4 dl sápuspæni á móti 1 lítra af volgu vatni. Passið ykkur á því að nota ekki of heitt vatn. Brúnsápu má ekki nota á viðarhúsgögn. Sápuafganga verður að fjarlægja strax með hreinum og þurrum klút. Sápa virkar þannig að hún hjálpar til við að vernda viðinn. Sár viðarins má ekki fá að drekka í sig vatn heldur er best að þurrka hann létt yfir. Bleyta má ekki liggja á ómeðhöndluðum viði heldur skal þurrka strax yfir með þurrum klút.

Vaxmeðhöndlaður viður

Afþurrkun með þurrum klút, aldrei blautum. Best er að þurrka strax upp ef bleyta fer á viðinn. Einungis er hægt að reyna að fjarlægja bletti þegar yfirborðið er orðið þurrt. Hægt er að ræsta vandlega með terpentínu ("white spirit"), muna þarf að strjúka yfir strax á eftir með þurrum klút. Hægt er að slípa með sandpappír númer 220 á langveginn með viðnum. Eftir það þarf að meðhöndla viðinn með þunnu lagi af vaxi sem sérstaklega er ætlað fyrir húsgögn í þessum tilgangi. Fáðu frekari upplýsingar hjá ILVA og farðu eftir notkunarleiðbeiningum.

Lakkaður viður

Nota skal hreinan, þurran klút til afþurrkunar eða rakan klút. Gott er að hafa í huga að ákveðnar tegundir húsgagna með sérstakri glansáferð ásamt eldri húsgögnum þola alls ekki vatn. Í þeim tilvikum er mikilvægt að þurrka upp alla bleytu svo raki hverfi. Flestar tegundir lakks þola mild hreingerningarefni. Ef yfirborðið er orðið matt er hægt að nota ákveðnar tegundir lakkhreisiefna. Mundu að fylgja leiðbeiningunum. Öll efni sem innihalda sílikon eyðileggja lakkáferðina. Ráðlegt er að fá fagmann til að slípa upp lakkáferð ef þess gerist þörf.

Háglansáferð á viðnum

Nota skal hreinan, þurran eða rakan klút til afþurrkunar. Þurrka skal strax upp bleytu svo raki setjist ekki í húsgagnið. Gott er að hafa í huga að ákveðnar tegundir húsgagna með sérstakri glansáferð ásamt eldri húsgögnum þola alls ekki vatn. Ef yfirborðið er orðið matt eða litlar rispur komnar í það er hentugt að nota húsgagnabón en muna að fara að öllu leyti eftir leiðbeiningum. Öll efni sem innihalda sílikon eyðileggja lakkáferðina. Ráðlagt er að fá fagmann til að slípa upp lakkáferð ef þess gerist þörf.

Olíumeðhöndlað yfirborð

Nota skal hreinan, þurran eða rakan klút sem búið er að bleyta í með mildum uppþvottalegi og vatni. Þurrka skal strax upp bleytu af húsgagninu. Ef yfirborðið virðist verða líflausara er gott að bera á húsgagnið viðeigandi olíu en það fer eftir því hvaða viðartegund á í hlut. Ef of mikil olía fer á yfirborð viðarins er hægt að fjarlægja hana með terpentínu. Eftir afþurrkun er borið nýtt lag af olíu á viðinn. Farðu í hvívetna eftir leiðbeiningum. Til að slípa upp viðinn er gott að nota sandpappír númer 320, blautsandpappír. Ráðlagt er að slípa aldrei þvert á viðinn.

Athugið að kviknað getur í klútum með olíu í án utanaðkomandi elds þannig að best er að losa sig við þá með því að bleyta í þeim og henda eða setja í loftþéttar umbúðir.

Lútarmeðhöndlaður viður

Umhirða fer fram með sérstökum efnum og því er vísað til starfsfólks okkar er varðar það. Ef viðurinn fær ekki nauðsynlega umhirðu geta komið fram glufur eða rifur og yfirborð orðið ójafnt.

Fornmunalegt yfirbragð

Húsgögn sem hafa fornmunalegt yfirbragð eru handgerð með það að sjónarmiði að líta út fyrir að vera fornmunir. Þetta þýðir að yfirborð, hvort sem það er útskorið eða ekki er allt annars eðlis heldur en verksmiðjuframléidd húsgögn. Þessi húsgögn geta haft rifur, glufur eða þessháttar sem gefa húsgagninu fornmunalegt yfirbragð. Málað og lakkað yfirborð er oft viljandi slitið á köntum og hugsanlegum slitflötum. Á máluðum yfirborðum þessara húsgagna munu áhringir og æðar húsgagnanna verða sýnilegri með tímanum. Meðhöndlun á þessum húsgögnum frá framleiðanda er mismunandi á milli húsgagna og spurðu því ILVA um ráðleggingar er varða umhirðu.

Húsgögn utandyra

Tekkhúsgögn eru þau einu sem þola að standa utandyra án þess að sérstaklega þurfi að hugsa um þau. Með tíð og tíma verður viðurinn þó gráleitur. Aðrar viðartegundir þarf að verja með viðarolíu eða annars konar vörnum til að geta staðið utandyra. Ef tekkhúsgögn eiga að halda upprunanlegu útliti utandyra verður að meðhöndla þau með viðarolíu. Mikilvægt er að verja húsgögn sem eiga að standa utandyra áður en þeim er stillt upp úti. Eftir það þarf að hreinsa og meðhöndla þau einu sinni á ári.

Járn, stál og ál

Þessi efni þola næstum hvaða hreinsiefni sem er en raki getur leitt af sér ryð og litur getur breyst. Gott er að hreinsa járn og stál með þurrum klút. Hægt er að þrifa þessa hluti betur með rökum klút. Mundu bara að þurrka bleytuna af eftir þrif. Smávegis spritt í klút er gott til þess að hreinsa ál. Ef yfirborðið er lakkað má þó ekki nota spritt eða önnur leysiefni.

Plast

Yfirleitt er plastið húðað Melamini eða PVC-filmu. Plastyfirborð er þolið og því má nota bæði sápu og uppþvottalög. Einnig má nota spritt til afþurrkunar ef vill.

Linoleum

Hreingerning er best með hreinum, þurrum klút eða hugsanlega næstum þurrum klút sem hefur verið bleyttur í vatni með sápuflögum. Hægt er að blettahreinsa varlega með terpentínu. Sérstakt vax þarf að bera á Linoleum einu sinni til tvisvar á ári en þó ekki oftár. Fáðu nánari ráðleggingar hjá ILVA.

Basthúsgögn og önnur garðhúsgögn úr plöntutrefjum

Basthúsgögn eru yfirleitt máluð, bæsuð eða lökkuð. Þau eru þrifuð með rökum klút eða ryksuguð. Mundu eftir bakhliðunum, því í flestum tilvikum eru þær ekki meðhöndlaðar að neinu leyti.

Ef húsgögnin eru ekki í notkun yfir vetrarmánuðina er best að geyma þau í þurrum rýmum þar sem loftar um þau. Til að koma í veg fyrir myglusvepp og þess háttar er ráðlagt að meðhöndla húsgögnin með sérstakri olíu t.d. línolíu eða terpentínu. Olíuna er svo hægt að nota til að þrifa þessi húsgögn og fjarlægja bletti eins og t.d. skósvertu o.s.frv. Sápuvatn og olíumeðhöndlun fer ekki vel saman.

Húsgagnaáklæði

Áklæði er yfirleitt ekki hægt að þvo. Umhirða þess fer fram með ryksugun og blettahreinsun. Taktu aldrei áklæðið af sessum eða púðum án þess að spyrjast fyrir um málið hjá ILVA. Þrátt fyrir að hægt sé að taka áklæðið af þýðir það ekki að hægt sé að setja það í hreinsun eða þvo. Gættu að hvort þú sjáir ísaumaðar þvottaleiðbeiningar en ef engar þess háttar merkingar eru til staðar þá spurðu ILVA áður en þú þvæð áklæðið, eða lætur hreinsa það. Dökkir litir geta smitað frá sér til að byrja með. Einnig er gott að hafa auga með dökkum fatnaði sem nuddast við sófa með hvítu áklæði. Alls kyns útsaumað skraut eða útistandandi járnhlutir í klæðnaði geta auðveldlega rifið og tætt upp áklæði á húsgögnum. Munið að verja áklæði gegn sólarljósi.

Plast, gervileður og gervirúskinn

Þetta eru allt gerviefni sem er auðvelt að hirða á mismunandi vegu. Glóð getur þó auðveldlega brætt og brennt gat í þessi efni. Flest þeirra þola vatn og sápuvatn.

Ull

Er teygjanleg og óhreinast síður. Ef glóð fer í ull skilur hún ekki eftir sig för. Til að byrja með getur ullin myndað hnökra en það er eðlilegt og hefur ekkert með gæði ullarinnar að gera.

Hör

Er slitsterkt efni en þolir síður að brotið sé upp á það. Hör hentar ekki vel á mjög mjúka fleti og púða því það óhreinast auðveldlega út. Þegar blettahreinsun er framkvæmd skilur það eftir sig varanlega bletti eða mislitun.

Bómull

Er frekar slitsterk, en aftur á móti eru áþrykkt mynstur í áklæðum ekki eins slitsterk eða litekta. Grófófinn klæðnaður getur tætt upp bómullaráklæði. Bómull er yfirleitt ekki hentug á húsgögn þar sem mikill núningur eða ágangur er, eða þar sem mikið sólarljós er til staðar. Sérstaklega burstuð bómull er einungis hentug þar sem lítið slit mun eiga sér stað og umgangur er lítill. Gott er að vera varkár með hreinsun á bómull því litur bómullarinnar breytist auðveldlega. Lausofið bómullarefni hentar síður sem húsgagnaáklæði. Ef hægt er að taka áklæðið þarf að athuga hvort þvottaleiðbeiningar eru til staðar. Ef ekki, þá má ekki þvo efnið. Sjaldgæft er að húsgagnaáklæði þoli þvott.

Alfatex og önnur efni úr gervitrefjum

Gerviefni eins og pólýester, nælon, pólýprópýlene o.s.f.rv. eru slitsterk efni og auðveld í umhirðu. Ef glóð fer í gerviefni brennir það holur í efnið.

Loðið áklæði, svo sem velúr, virðist skipta litum þegar ljós skín á það úr mismunandi áttum. Þessi litaskipti virðast einnig koma fram ef efnið hefur lagst niður eða sléttast á ákveðinn hátt en ekki þarf að hafa af því áhyggjur að þetta sé verksmiðjugalli heldur er þetta eðlilegt m.v. efnið. Ullarvelúr á auðveldara með að rétta úr sér eða jafna sig heldur en velúr úr gerviefni. Eftir stendur að litabreytingar eru ljósháðar og hafa engin áhrif á það hversu slitsterkt efnið er.

Örtrefjar eru gerviefni sem yfirleitt er auðvelt að halda við og er slitsterkt. Örtrefjaefni eru seld sem mismunandi efni og heita þá t.d. Alcantara eða AlfateX en einnig eru til ódýrar eftirlíkingar. Örtrefjaefni þola ekki bleytu eða verða verri fyrir vikið en þola þó sérstaklega illa að vera nuddað eins og gerist við blettahreinsun. Nauðsynlegt er að fara að leiðbeiningum um hreinsun eða spyrjast fyrir hjá ILVA.

Leður

Ekta leður er hrein náttúruafurð. Líkt og með viðinn eru engin tvö leður eins. Útlit leðurs og eiginleikar eru mismunandi eftir því af hvaða líkamshluta dýrsins leðrið er og hvernig það hefur verið meðhöndlað. Það er hægt að skera úr leðrinu helstu galla þess eða óreglulega þætti en þá verður það mun dýrara. Einnig er hægt að lakka leðrið og lita það en þá verður það harðara og plastkenndara en aftur á móti sterkara. ILVA reynir eftir fremsta megni að sjá til þess að helstu óreglulegu þættir leðursins séu aftan á húsgögnunum.

Óreglulegir þættir sem eru þó ekki gallar geta til dæmis verið:

- Sár eftir rispur og skurðir vegna greina, þyrna eða girðinga. Ef sárið er heilt eða hefur vaxið saman þá er leðrið ekki síðra fyrir vikið.
- Hrukkur, það er þáttur sem er mismunandi frá einu dýri til annars. Stundum er hægt að greina hrukkurnar í leðrinu en það undirstrikar í sjálfu sér að um náttúruafurð er að ræða
- Bruni vegna tæringar sem hefur átt sér stað vegna t.d. áburðar sem hefur merkt dýrið að þessu leyti.
- Sveppur og hringormur finnst á mörgu dýrinu en einungis er hægt að sjá óljós merki um þess háttar.
- Skordýrabit eða stungur sjást sem örlitlar holur eða punktar á yfirborðinu.

Það að þessir óreglulegu þættir eru til staðar aðgreinir leður frá gervileðri og öðrum gerviefnum.

Leðrið kemur frá nautgripum eða vísundum. Vísundaleður er grófara í sér og margbreytilegt. Svínsleður er ekki notað til húsgagnagerðar þar sem það hentar illa til slíkrar framleiðslu.

Leður er unnið á marga mismunandi vegu. Yfirleitt er notuð sérstök krómvinnsla en með nýrri vinnsluaðferð, sem einnig er vistvænni, er króm ekki notað. Annað hvort er leðrið litað með anillíni sem skilur leðrið eftir náttúrulegra í útliti eða með yfirborðslitun sem fer ekki jafn djúpt inn í leðrið og anillínlitunin.

Engin ein leðurvinnsluaðferð getur talist sú eina rétta heldur er spurningin hvað hentar hverjum og einum viðskiptavini. Þegar búið er að setja þykkt lag af yfirborðslit á leðrið, ásamt því að líma á það gervihárahám, á það lítið sameiginlegt ekta leðri og getur í versta falli sprungið allt upp á slæman hátt. Spurningin er því hvort ekki sé betra að kaupa gervileður frekar en svona mikið meðhöndlað leður.

Allar tegundir leðurs ber að verja gegn sólarljósi og miklum hita. Gott er að hafa húsgögn í ákveðinni fjarlægð frá gluggum sem snúa í suður og eldstæðum. Leður er yfirleitt minna litekta heldur en venjulegt tauáklæði. Hið vandaða anillínleður fölnar mest og fær jafnvel grænleitan blæ með tímanum.

Ágætt er að bera á leðrið 2-3 á ári. Þau leðurhúsgögn sem eru mikið notuð þorna meira heldur en ella og óhreinkast mikið, þau þurfa oftast á umhirðu að halda en 2-3 á ári. Við venjulegar kringumstæður er hiti á bilinu 18o til 22 o og meðalrakastig herbergis ætti að vera á bilinu 30% til 60%.

Fita brýtur niður leður á sama hátt og það gerir við önnur efni þannig að gott er að forðast að mylja niður fituríkar flögur, mat o.þ.h.

Notaðu aldrei uppþvottalög eða önnur leysisefni á leður. Ráðlegt er að nota bara sérstök leðurhreinsiefni.

Yfirborðsmeðhöndlað leður

Leður sem búið er að yfirborðsmeðhöndla þolir betur sólarljós og er auðvelt að hirða. Það slitnar minna en ómeðhöndlað leður við almenna notkun. Gott er að þrifa yfirborð meðhöndlaðs leður með mjúkum klút annað hvort þurrum eða rökum. Við ítarlega hreinsun er ráðlagt að nota kalt vatn með t.d. sápuspónum þar sem blanda á 1/4 dl sápuspænnir móti 1 L vatni. Ekki er ráðlagt að nudda leðrið of harkalega heldur fjarlægja hugsanlega sápuafganga með því að þússa leðrið með þurrum klút. Til eru sérstök hreinsiefni fyrir yfirborðsmeðhöndlað leður sem heldur leðrinu mjúku. Spurðu ILVA hvað hentar þínu húsgagni best.

Yfirleitt þarf ekki að bera fitu á leðrið. Fara skal varlega í að bera þess háttar á og fylgja skal leiðbeiningum til hins ítrasta. Ef slitfletir hafa myndast á leðrinu getur olía eða krem myndað ljótar skellur.

Leður með lítill yfirborðsmeðhöndlun - kallað semianillín

Leður sem hefur fengið litla yfirborðsmeðhöndlun - kallað semianillín - er mjög líkt því sem hefur fengið algjöra yfirborðsmeðhöndlun. Það er þó aðeins mýkra en þolir síður sólarljós. Sjá leiðbeiningar um umhirðu í kaflanum hér að ofan.

Leður án yfirborðsmeðhöndlunar - anillín

Leður án yfirborðsmeðhöndlunar er mjúkt, þægilegt viðkomu, sveigjanlegt og kallast anillín. Það ber þó að vernda það gegn áhrifum sólarinnar því það er mjög viðkvæmt fyrir sólarljósi og fær 4 eða minna á ljóspolsmælikvarða. Það tekur auðveldlega til sín raka og fitu og á það til að verða dekkra við notkun. Því er haldið við á sama máta og yfirborðsmeðhöndluðu leðri, nema það þolir ekki olíuáburð eða krem. Í sumum tilfellum þolir leður heldur ekki sápuspæni. Það eru til ákveðnar tegundir efna til að setja á leðrið sem heldur því við lengur. Hikaðu ekki við að spyrja okkur hjá ILVA.

Rúskinn

Það fyrirfinnst engin hárfur á rúskinni því það er sá hluti leðursins sem snýr að holdi dýrsins. Umhirða fer fram líkt og um leður, sem meðhöndlað hefur verið með anillíni sé um að ræða.

By-Cast leður

By-Cast leður er selt sem mismunandi vörueiti t.d. Royal, Creta, Kansas, Gaucho og Oleosa. Bycast leður er skinn, sem snýr að holdi dýrsins, sem hefur fengið gervihárham og yfir það plasthimnu. Þetta er frekar slitsterkt og þolið efni gagnvart óhreindum. Til þess að viðhalda mýkt plasthimnunnar þarf að bera á viðeigandi áburð um það bil 2-4 sinnum á ári. Það fer þó allt eftir loftraka, sólarljósi og hitastigi þar sem húsgagnið er. Alla jafna skal nota þurran klút á þessa tegund leðurs.

Bycast er viðkvæmt gagnvart hita, glóðum og þess háttar. Ef yfirborðsmeðhöndlun skemmist þannig að sjáist niður í sjálft leðrið er í einhverjum tilvikum hægt að gera við skemmdina. Hjá ILVA er hægt að fá fleiri upplýsingar um viðhaldsefni.

Skila og skiptaréttur

Allri vöru má skila eða skipta sé hún í upprunalegum umbúðum og sýnt er fram á kaup með kvittun. Engin tímamörk eru á að vöru sé sé skilað ef kvittun fylgir. Tilboðs- og útsöluvörur eru endurgreiddar á sama verði og greitt var fyrir þær.

Undanþegið skilarétti eru:

- Sérpantaðar vörur, plöntur og metravara

Þjónustustig

ILVA selur mikið af húsgögnum og því miður er ekki hægt að koma alfarið í veg fyrir einstaka galla. Ef varan sem þú hefur keypt er gölluð, settu þig þá í samband við okkur í síma 522 4500 eða sendu okkur tölvupóst á ilva@ilva.is



einfaldlega betri kostur



ILVA
Korputorgi,
Blikastaðavegi 2-8,
112 Reykjavík
s: 522 4500

Opið:
mánudaga-föstudaga 11-18:30
laugardaga 10-18
sunnudaga 12-18
www.ilva.is